

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/680**2019/EES/82/26**

frá 30. apríl 2019

um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 30. júlí 2018 ⁽²⁾ (hér á eftir nefnt álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda) að fenýlen-bis-dífenýltríasín sé öruggt til notkunar sem útblámasía í sólvarnavörur og aðrar snyrtivörur í hámarksstyrk sem nemur 5% og að notkun þess sé eingöngu örugg í vörum sem eru bornar á húð en ekki í vörum sem gætu leitt til váhrifa við innöndun.
- 2) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda og í því skyni að taka tillit til framfara í tækni og vísindum ætti að leyfa notkun á fenýlen-bis-dífenýltríasíni sem útblámasíu í snyrtivörur í hámarksstyrk sem nemur 5% að undanskilinni notkun sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.
- 3) Því ætti að breyta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 115, 2.5.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1594/18.

VIÐAUKI

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er eftirfarandi færslu bætt við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar skilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„31	3,3'-(1,4-fenylen)-bis(5,6-difeny1-1,2,4-tríasín)	Phenylene Bis-Diphenyltriazine	55514-22-2	700-823-1		5%	Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.“	